

# Auglýsing

144  
14. desbr.

um

## **lögreglusamþyktt fyrir Hafnarfjarðarkaupstað.**

Samkvæmt lögum 3. janúar 1890 nr. 1 um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina hefir stjórnarráðið samþyktt og staðfest eftirritaða lögreglusamþyktt fyrir Hafnarfjarðarkaupstað, er bæjarstjórnin þar hefir samið.

### I. kafli.

#### *Um reglu og velsæmi á götum.*

#### 1. gr.

Uppþot eða mannsöfnuður, sem raskar reglu eða tálmar umferð á götu, vegi eða svæði, má ekki eiga sjer stað.

#### 2. gr.

Þegar fjölmenni safnast saman á götum, vegum eða svæðum, sem almenn-  
ingur fer um, svo og við kirkjudyr og dyr annara samkomuhúsa, þar sem al-  
menningur kemur saman, þá skulu menn haga sjer eftir fyrirmælum lögreglu-  
valdsins til þess að varðveita góða reglu.

#### 3. gr.

Mætist menn á almannafæri, hvort sem þeir eru gangandi, ríðandi eða  
akandi, þá skulu þeir ávalt vikja til vinstri handar.

#### 4. gr.

Á alfaravegi, stræti eða svæði má ekki fljúgast á, blístra, æpa, kalla,  
syngja eða hafa í frammi annan hávaða eða ofsalegt og móðgandi háttalag, sem  
raskar allsherjarreglu, eða ónáða þá, sem um fara eða nálægt búa.

#### 5. gr.

Enginn má að ófyrirsynju berja á dyr eða glugga, hringja dyrabjöllum  
eða hafast neitt það að, sem ónáðar húsbúendur.

#### 6. gr.

Á eða yfir götur, sem almenn-  
ingur fer um, má ekki skjóta með byssum,  
skammbyssum, lyklabyssum, handbogum, lásbogum eða öðrum skotvopnum, ekki  
kveikja í púðri, skoteldum eða nokkurskonar sprengiefnum öðrum, og ekki kasta  
frá sjer steinum, glerbrotum, snjóköggjum, óhreindum, vatni eða neinu öðru, er  
tjóni getur valdið eða óþægindum fyrir þá, er um slíka staði fara.

**144** Ennfremur er bannað að renna sjer á sledum, skautum eða skiðum, leika  
 14. desbr. knattleiki eða aðra leiki, hverju nafni sem nefnast, á almannafæri, svo sem göt-  
 um eða gangstjettum, torgum eða öðrum svæðum, þar sem hættu er á því, að  
 það tálmi umferð eða valdi öðrum óþægindum.

## 7. gr.

Enginn má ganga dulklæddur á almannafæri eða í búningi, sem misbýður  
 velsæmi eða getur raskað allsherjarreglu.

Einnig er bannað að sýna af sjer hneykslanlega hegðun á almannafæri,  
 t. a. m. með ósæmilegum orðum eða látbragði, með því að fletta sig klæðum eða  
 gjöra þarfir sínar á hneykslanlegan hátt.

Menn, sem eru ósjálfbjarga sökum drykkjuskapar á götu, svæði eða annar-  
 staðar á almannafæri, skulu heftir, þangað til þeir koma til sjálfs sín aftur, og  
 skulu þeir ennfremur sæta sektum eftir samþykkt þessari fyrir þá röskun á alls-  
 herjarreglu eða allsherjarfriði, er þeir kunna að valda með drykkjuskap sínum.

## 8. gr.

Enginn má baða sig eða synda nakinn við bryggjur bæjarins eða annar-  
 staðar svo nálægt landi, að hneyksli valdi, eigi heldur nálægt skipum, sem á  
 höfninni liggja.

## 9. gr.

Hver sá, sem staddur er á almannafæri, er skyldur til þess að segja til  
 nafns síns, þegar lögregluvaldið krefst þess.

## 10 gr.

Heimilt skal lögregluvaldinu að krefja sjer til aðstoðar sjerhvern fulltíða  
 karlmann, sem viðstaddur er, til þess að afstýra óspektum og annarri óreglu á  
 almannafæri og hefta þá, er slíku valda, og ber öllum að hlýða því boði.

## II. kafli.

*Akvarðanir, er lúta að því að gjöra umferð greiða og afstýra farartálma  
 og hættu fyrir umferðina.*

## 11. gr.

Enginn má ótilkvaddur slökkva eða kveikja á götuljóskerum bæjarins.

## 12. gr.

Án leyfis lögreglustjóra má enginn setjast að á götu, stræti eða svæði,  
 sem almenningur fer um, til þess að selja vörur eða reka aðra atvinnu, og verði  
 slíkt leyfi veitt, þá einungis á þeim stað og tíma, sem í leyfinu er tiltekið.

Án leyfis hlutaðeigandi húsráðanda eða lóðareiganda má enginn láta fyrir- **144**  
berast á umgirtum garðsvæðum eða á öðrum stöðum, þar sem gengið er inn í 14. desbr.  
hús eða garða.

## 13. gr.

Stjettir meðfram götum skulu eingöngu ætlaðar fyrir gangandi menn; þar má eigi fara með sleða, hjólbörur, vagna nje önnur aktól, nema barnavagna, og þar má eigi bera, draga, velta eða á annan hátt færa með sjer fyrirferðar- mikla hluti, svo sem tunnur, hey, hris eða annað, sem gjörir umferðina ógreiða. Ljái, gaddhrifur, skotvopn og aðra hluti, sem tjón getur hlotist af, má aðeins flytja eftir götunni sjálfri, og skal varlega með þá fara.

## 14. gr.

Á götum, strætum, stjettum, svæðum eða annarstaðar á almannafæri má ekki leggja, hengja upp eða setja neitt það, sem tálmar umferðinni, hvort heldur eru vörur eða annað. Þó mega þeir, sem flytja að sjer vörur, eldivið, hey eða annað, og ekki geta lagt það frá sjer á eigin lóð, leggja þessa hluti frá sjer á svæðum og götum, meðan á flutningnum stendur, en ávalt skal þess gætt, að það sje gjört þannig, að það valdi sem minstum farartálma. Vagnar, hjólbörur og sleðar mega ekki standa á götum eða strætum lengur en nauðsyn krefur til þess að fylla þá og tæma, en aldrei mega þeir standa á stjettum, sem eingöngu eru ætlaðar gangandi mönnum.

## 15. gr.

Á götum, strætum eða svæðum, sem almenningur fer um, má eigi vinna neina vinnu, er tálmar umferð manna eða gjörir hana hættulega, t. a. m. telgja við, höggva grjót, járna hesta eða þviumlíkt. Á götum eða strætum má eigi heldur hrista gólfteppi, viðra sængurföt eða hengja fót til þerris eða annað þesskonar.

## 16. gr.

Á meðan lestamenn eða aðrir ferðamenn standa við í kaupstaðnum, skulu þeir hafa hesta sína utan við götubrautina, þar sem engin umferð er.

## 17. gr.

Þeir sem riða eða aka um göturnar, skulu viðhafa tilhlýðilega aðgæslu, og er stranglega bannað að riða nema fót fyrir fót fyrir götuhorn eða út úr portum eða garðshliðum. Annars er bannað að riða harðara á götum bæjarins en hægt brokk, og eru þeir, sem riða eða aka, skyldir að gjöra þeim, sem eru fótgangandi á undan þeim, viðvart í tæka tíð.

## 18. gr.

Hjólreiðamenn skulu fara hægt og gætilega um götur bæjarins; skulu þeir ávalt hafa klukkur á hjólum sínum og gæta þess að hringja í tæka tíð. Þeir skulu og skyldugir til þess að tendra luktir sínar undireins og fer að skyggja.

144

14. desbr.

19. gr.

Bannað er að reka hesta ógætilega um götur bæjarins.

Bæjarmenn mega ekki láta hesta sína ganga lausa á götum bæjarins frekar en nauðsynlegt er til að hleypa þeim í fjöru eða til vatns; fælnir og slægir hestar mega alls eigi ganga lausir, nje heldur þeir hestar, er leika sjer eða fara á hlaupum um göturnar.

Það er á ábyrgð sauðfjáreigenda að sauðfjenaður þeirra gjöri engan usla eða óskunda í bænum, hvorki skemmi fisk, nje fari inn á umgirt svæði eða í jarðepla- eða skrautgarða bæjarbúa.

Auk sekta þeirra, er renna í bæjarsjóð, varða brot gegn þessu skaðabótum fyrir ágang og skemdir.

Nautgripir mega ekki ganga lausir á götum bæjarins nema þegar þeir eru reknir í eða úr haga.

Eigendur alifugla skulu skyldir að hafa þá á afgirtum svæðum frá 1. maí til 31. júlí eða á annan hátt sjá um, að þeir ekki valdi skemdum á annara eigum.

20. gr.

Naut, sem farið er með um kaupstaðinn, skulu ávalt leidd í bandi nægilega traustu og 2 fullorðnir karlmenn að minsta kosti fylgja hverju nauti. Ekki mega naut heldur standa úti gæslulaus.

21. gr.

Um hrossarekstra eða sauðfjárrekstra, sem koma til bæjarins, getur lögreglustjóri gjört þær ráðstafsnir, sem honum þykja nauðsynlegar, til þess að afstýra farartálma eða hættu fyrir vegfarendur.

22. gr.

Hundar, sem áreita menn eða ráðast á skepnur, skulu vera mýldir.

23. gr.

Enginn má siga hundi á mann eða láta fyrirfarast að aftra hundi sinum, þegar hann verður var við að hundurinn ræðst á menn.

24. gr.

Flækingshunda, en þar til teljast allir hundar, sem ekki eru eign eða á vegum kaupstaðarbúa, getur lögreglustjóri látið handsama og auglýsa, og ef eigandi ekki gefur sig fram innan 3 sólarhringa og greiðir áfallinn kostnað, má drepa slíka hunda.

## 25. gr.

144

Grimma varðhunda má einungis hafa að áðurfengnu sjerstöku leyfi lög. 14. desbr. reglustjóra og gegn því að hlíta þeim nánari ákvæðum, er hann kann að setja í hvert skifti þeim viðvikjandi.

## 26. gr.

Enginn má án leyfis lögreglustjórnarinnar hengja vöruskápa, gluggaskýlur nje annað þesskonar utan á hús þeim megin, sem að strætum veit eða torgum, eigi heldur setja eða láta standa í opnum gluggum, sem vita að strætum eða torgum, neitt það, er tjóni getur valdið, ef það fellur niður.

## 27. gr.

Lögreglustjóri getur, ef nauðsynlegt þykir, skipað fyrir, hvernig hagað skuli umferðinni meðan stendur á viðgjörð við götur.

## 28. gr.

Þegar hús eru byggð af nýju, eða eldri hús rifin og byggð upp að nokkru eða öllu leyti, skal eigandanum, ef húsið liggur við götu, stræti eða svæði, sem almenningur fer um, skylt að skýra lögreglustjóra frá, áður en verkið byrjar, og haga sjer eftir þeim fyrirmælum, sem hann setur til að afstýra farartálma eða hættu eða óþægindum fyrir vegfaranda. Verkfæri og verkefni má eigi leggja frá sjer á almannaferi, nema þar sem lögreglustjórinn leyfir, og skal það eigi látið liggja þar lengur en nauðsyn krefur. Mold, mól, leifar af verkefni og annað, er af byggingunni stafar, skal eigandinn færa burtu, þegar húsagjörðinni er svo langt komið, að því verði við komið.

## 29. gr.

Nú er hús eða hluti af húsi orðið svo hrörlegt, að hætt er við, að það hrynji eða falli niður, og getur lögreglustjóri þá bannað að nota húsið og boðið eiganda eða umráðamanni hússins að gjöra þær umbætur á því, að eigi geti valdið hættu fyrir vegfarendur. Auk þess getur lögreglustjóri gjört aðrar ráðstafanir í þessa átt á kostnað hlutaðeiganda. Sama skal og gilda þegar grjótgörðum, skiðgörðum eða annari girðingu liggur við falli.

## 30. gr.

Pallar, stoðir og annar umbúningur, sem notaður er við húsasmíðar og aðrar smíðar, viðgjörðir á húsum og húsarof, skal vera nægilega traustur, og þeir, sem nota hann, skulu vera duglegir og áreiðanlegir menn. Heimilt skal lögreglustjóra að gjöra ráðstafanir hjer að lútandi.

**144** Brot gegn ákvæðum þessum eru á ábyrgð þess, sem verkið annast, eða, 14. desbr. ef hann er ekki tilgreindur, þá á ábyrgð eiganda eða umráðamanns hússins.

## 31. gr.

Öll áhöld, sem notuð eru til þess að hefja upp eða renna niður vörum eða öðru úr húsum, sem liggja á almannafæri, skulu vera nægilega traust og þeir, sem þau nota, skulu vera áreiðanlegir menn.

## 32. gr.

Nú gengur kjallaragangrið út að stjett eða götu og lengra fram en húshliðin og skal þá kjallaraopið vera byrgt með hlemm eða hlera frá því er dimt er á kvöldum uns bjart verður á morgnana, nema opið sje nægilega afgirt með grindum beggja vegna.

## 33. gr.

Sporbrautir, sem liggja yfir götu eða svæði, sem notuð eru til almenningsþarfa, skal taka upp undireins og dimma tekur, og yfirleitt skal við notkun þeirra viðhöfð sjerstök varúð, og þess gætt, að þær hindri ekki umferð eður gjöri hana hættulega.

## 34. gr.

Í fjörunni má ekki skilja eftir eða kasta seglfestugrjóti eða neinu öðru, er tjóni getur valdið skipum eða bátum, er þar lenda eða leggjast.

## III. kafli.

*Um friðun almenningseigna.*

## 35. gr.

Enginn má skemma, lýta eða óhreinka eignir eða muni kaupstaðarins, stræti, vegi, brýr, vatnsból, byggingar eða annað því um líkt, sem ætlað er til almennings afnota.

## IV. kafli.

*Um reglu og velsæmi á veitingastöðum, almennar skemtanir o. fl.*

## 36. gr.

Hverjum þeim, sem hefir um hönd veitingasölu, hverju nafni sem nefnist, er skylt að gjöra það sem í hans valdi stendur til þess að afstýra því, að nokkuð það fari fram í húsi hans, sem kemur í bága við góða reglu og velsæmi.

## 37. gr.

Á almennum veitingastað má enginn sýna af sjer ofsalegt atferli eða hávaða eða nokkra ósæmilega hegðun. 144  
14. desbr.

## 38. gr.

Unglingum yngri en 16 ára eða ölvuðum mönnum má ekki selja eða veita áfenga drykki.

## 39. gr.

Veitingahúsum öllum skal lokað kl. 11 á kvöldum, og allir gestir, sem ekki eru nætursakir, skulu vera farnir út ekki seinna en kl. 11<sup>1</sup>/<sub>2</sub>. Samt getur lögreglustjóri veitt fjelögum leyfi til þess að halda samkvæmi, dansleiki og aðrar skemtanir á opinberum veitingastöðum, án þess að þau sjeu bundin við áður-nefndan tíma, ef ekki eru aðrir hluttakendur í því en fjelagsmenn og gestir þeirra. Ennfremur mega brúðkaup og önnur samsæti eða dansleikir tiltekinn manna standa fram yfir hinn tiltekna tíma.

## 40. gr.

Enginn má halda opinbera sjónleiki eða hlutaveiltu án leyfis lögreglustjóra.

## 41. gr.

Enginn má halda opinbera dansleiki eða samsöngva nje heldur sýna dýr eða myndir eða halda aðrar opinberar skemtisamkomur, nema með leyfi lögreglustjóra.

## 42. gr.

Þegar opinberar skemtanir, hvers konar sem eru, eða leikir eru haldnir að kvöldi dags eða fram á nótt í húsum, sem enginn býr í, skulu þeir sem standa fyrir slíku, láta tvo menn aðgæta öll eldfæri í húsinu og sjá um að eigi geti eldhætta af neinu stafað, enda hafi næturvörður bæjarins sjerstaklega gætur á því húsi nóttina út.

## 43. gr.

Eins og það er vitaskuld, að húseigendur eða húsráðendur geta bannað, að sá, sem leyfi hefir fengið til þess að halda skemtanir samkvæmt 40. gr. eða 41. gr., noti leyfið á þeirra lóð, svo er og sjerhverjum, er sjúkling hefir á heimili sínu, heimilt að fá bannað að almennar skemtanir, sem háreysti er að, sjeu hafðar svo nærri húsi hans að hætta geti af því hlotist.

144

14. desbr.

44. gr.

Bæjarstjórnin ákveður nöfn á götum og lætur festa upp nafnspjöld eða mála nöfnin á götuhornin þar sem þurfa þykir. Töluspjöldum, sem bæjarstjórnin hefir látið eða lætur festa á hús til að tákna húsaröð, skulu húseigendur halda við á sinn kostnað og endurnýja, ef á þarf að halda.

45. gr.

Bæjarstjórnin ákveður, hvar uppfesta skuli auglýsingar frá yfirvaldinu og öðrum stjórnarvöldum, og skal á kostnað bæjarsjóðs útvega spjöld í því skyni, svo mörg, sem þurfa þykir.

Auglýsingar um sjónleiki, samsöngva, sýningar og aðrar skemtanir, sem leyft er að halda, má festa upp hvar sem vill með samþykki hlutaðeigandi húsráðanda.

Aðrar auglýsingar má eigi festa upp, nema með leyfi hlutaðeigandi húsráðanda og lögreglustjórnarinnar. Þó eru undanþegnar auglýsingar, er snerta húsið sjálft eða íbúa þess.

46. gr.

Uppfestar auglýsingar skulu hlutaðeigendur taka niður, þegar þær hafa fullnægt tilgangi sínum.

Löglega uppfestar auglýsingar má enginn rífa niður, saurga eða gjöra ólæsilegar á annan hátt.

V. kafli.

*Um bann gegn samgöngum við skip.*

47. gr.

Lögreglustjóra skal heimilt, er hann álitur nauðsynlegt til tryggingar reglu og velsæmi á götum bæjarins að gefa út fyrirskipanir og bönn gegn samgöngum við útlend skip, eða þau skip, er koma frá útlöndum. En skyldur skal hann til þegar í stað að skýra stjórnarráðinu frá slíkum fyrirskipunum og bönnum.

VI. kafli.

*Um alment hreinlæti og þrifnað.*

48. gr.

Heilbrigðisnefndin hefir eftirlit með öllu því, sem lýtur að almennum þrifnaði í bænum, eftir þeim ákvæðum, sem þar um eru gefin í heilbrigðissamþykkt kaupstaðarins.



## 49. gr.

144

14. desbr.

Skepnum má ekki slátra á eða við götur bæjarins eða á almannafæri, heldur skal það gjört á húsabaki eða innan grindar eða á lokuðu svæði, þar sem aðrar skepnur geta ekki sjeð blóðvöllinn. Bannað er að láta hunda koma á blóðvöllinn, þegar slátrað er.

## 50. gr.

Stampa, opnar tunnur eða fót með lifur eða grút má ekki hafa á almannafæri eða við götur eða stræti kaupstaðarins, eða nokkuð annað, sem ódaunleggur af eða er til óþrifnaðar.

## 51. gr.

Ekkert hús eða herbergi í húsi má vera svo sett af mönnum, að heilbrigði þeirra sje hætta búin. En hvort svo sje, ákveður heilbrigðisnefnd.

## VII. kafli.

*Um sötara og hreinsun reykháfa.*

## 52. gr.

Kaupstaðarbúar skulu tvisvar á ári láta hreinsa reykháfa eða skorsteina á húsum sínum fyrir miðjan apríl og miðjan október ár hvert. Hreinsunina framkvæma sötara, sem bæjarstjórnin skipar, gegn ákveðnu gjaldi.

## VIII. kafli.

*Um staðgildi samþyktarinnar, hegningarákvæði, kostnað o. fl.*

## 53. gr.

Samþykt þessari skal því aðeins beitt á kaupstaðarsvæðinu, sem liggur utan svæðisins frá Krosseyrarmölum suður að Skiphól, að það þyki við eiga eða því verði við komið.

## 54. gr.

Brot gegn samþykt þessari varða sektum alt að 100 krónum. Börn, drengir eldri en 10 ára og alt að 15 árum, og stúlkubörn eldri en 10 ára og alt að 12 árum, skulu sæta vandarhöggum, ef þau hafa áður, eftir að þau voru orðin fullra 10 ára, gjört sig seka í brotum á samþykt þessari, eða gjört eitthvað, sem ber vott um einstaka ónáttúru, þó ekki fleiri vandarhöggum en 15 eða sæta einföldu fangelsi alt að 8 dögum.

**144** Ef kenna má yfirsjón, sem barn drýgir, skorti á hæfilegri umsjón foreldra eða annara, sem ganga barninu í foreldra stað, skal refsa þeim fyrir yfirsjónina en ekki barninu.

## 55. gr.

Ef einhver lætur ógjört það, sem er skylda hans samkvæmt samþykkt þessari eða fyrirskipunum lögreglustjóra samkvæmt henni, getur lögreglustjóri látið gjöra það. Kostnaður við þetta og yfirleitt kostnaður sá, sem leiðir af þeim ráðstöfunum, sem lögreglustjóri gjörir til þess að hindra brot gegn því, sem bannað er í samþykkt þessari, greiðist af þeim, sem brýtur, og má taka þann kostnað lögtaki samkvæmt lögum 16. des. 1885 um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar. Ef hlutaðeigandi við lögtakið reynist ekki fær um að borga kostnaðinn, greiðist hann úr bæjarsjóði.

## 56. gr.

Kostnaður sá, sem að öðru leyti leiðir af framkvæmd á þessari samþykkt, og ekki verður krafinn af einstökum mönnum, greiðist úr bæjarsjóði.

## 57. gr.

Mál, sem risa útaf brotum á samþykkt þessari, skal fara með sem almenn lögreglumál, og skulu allar sektir fyrir brot á henni renna í bæjarsjóð.

## 58. gr.

Samþykkt þessi skal birt í B-deild Stjórnartíðindanna og auk þess prentuð sjerstaklega á kostnað kaupstaðarins til útbýtingar meðal allra húsráðenda í kaupstaðnum.

## 59. gr.

Breytingar á samþykkt þessari og viðauka við hana skal gjöra á sama hátt og samþykktina sjálfa.

## 60. gr.

Samþykkt þessi öðlast gildi 1. janúar 1909.

Þetta er hjermeð birt öllum þeim til eftirbreytni, sem hlut eiga að máli.

Í stjórnarráði Íslands, 14. desbr. 1908.

Í fjarveru ráðherrans.

**Kl. Jónsson.**

*Jón Magnússon.*